

Sp.

602. Tillaga til þingsályktunar

[278. mál]

um könnun á kostnaði við að leggja jarðstreng til sjónvarpssendinga o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela Landssíma Íslands að kanna kostnað og hagkvæmni þess að leggja fjölrása jarðstreng til sjónvarpssendinga og annarra fjarskipta um þéttbýli og síðar milli landshluta.

Skal Landssíminn kanna sérstaklega þá áætlun um jarðstrengjavæðingu sem unnið er að í Englandi, hvernig þeir hyggjast fjármagna þær framkvæmdir og um kvaðir á slíkri starfsemi.

Allur kostnaður við könnun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur átt sér stað hér á landi síðustu misserin um svokallaða kapaltengingu milli íbúða, húsa og íbúðarhverfa til að flytja um sjónvarpsefni. Mikill hluti þessarar umræðu hefur farið í deilur um, hvort einkaréttur Ríkisútvarpsins gildi á þessu sviði, og um ófrjálsa töku efnis til sýningar í þessum kerfum. Inn í þessa umræðu hafa síðan blandast vangaveltur um hina öru tæknipróun sem nú á sér stað í allri fjölmiðlun.

„Kapalsjónvarp“, eins og það hefur stundum verið kallað, hefur verið í notkun um langt árabil hjá varnarliðinu á Keflavíkflugvelli. Almenn þekking og frumkvæði einstaklinga hefur orðið til þess, að slík notkun hefur breiðst út hér á landi, fyrst um Suðurnes, síðan höfuðborgarsvæðið og nú um þéttbýlissvæði víðs vegar um land. Er svo komið að íbúasamtök og stjórnendur einstakra bæjarfélaga hyggja á stórfamkvæmdir á þessu sviði „jarðstrengjavæðingar“ innan sveitarfélags og jafnvel beina móttöku frá sjónvarpshöttum.

Í Bandaríkjunum er þetta kerfi gamalþekkt og er álitnið að þar verði 60% heimila tengd slíku kerfi árið 1990.

Í Englandi er nú unnið að viðamikilli og stórhuga áætlun um að leggja jarðstrengi um stórborgir landsins til að tengja það hinni nýju veröld rafeindatækninnar.

Í Englandi er talið að fylgt verði tillögu um lög glertréfastrengs sem meginflutningsæðar, en slíkur strengur hefur næstum ótæmandi möguleika, en síðan er skipt í þessu kerfi yfir á sérstaka sjónvarpsstrengi með allt að 50 rásum. Þegar þessi áætlun kemst til framkvæmda er áætlað að þetta færi landinu eins mikla möguleika, þegar næsta öld gengur í garð, og lagning járnbrautakerfis gerði á hinni síðustu.

Þetta mun skapa óendanlegan fjölda viðskiptamöguleika fyrir þá, sem hafa áráði og útsjónarsemi til að nýta strengi sem flutt geta efni í báðar áttir, og um leið fjölda atvinnutækifæra. Fyrsta stigið yrði fólgið í því að auka sjónvarpsþjónustu við heimilin. Annað stigið, sem er öllu mikilvægara, er að gjörbylta því, á hvern hátt fólk selur, kaupir, stundar bankaviðskipti, lærir og vinnur á fleiri sviðum. Það, sem þykir ánægjulegast við þetta þar í landi, er að talið er að eins og í byrjun járnbrautaaldar þurfi ríkisstjórnin ekki að auka útgjöld sín vegna strengjabyltingarinnar um eitt penný. Reiknar ríkisstjórnin með að einkaframtakið sé reiðubúið til að leggja fram þá fjármuni sem til þurfi.

Englendingar telja sig geta hlaupið yfir hina bandarísku reynslu vegna þess, hve seinir þeir eru að taka upp strengjakerfið, en það bandaríska er nú talið úrelt. Þar er fjöldi rása takmarkaður oftast við 12 og aðeins í nýjustu kerfunum eru strengir sem hafa rásir í báðar áttir. Englendingar stefna nú að því að byggja upp háþróað strengjakerfi og hverfa frá úreltu kerfi sem nú er notað þar í landi. Hjá þeim, sem nú kanna þessi mál í Englandi, er sú skoðun uppi, að forðast eigi hina bandarísku venju að veita staðbundin einkaleyfi, sem síðan er

stjórnað af opinberri nefnd. Happasælla er talið að samkeppni verði milli hinna ýmsu eigenda rása um hylli notenda í hverri borg. Þar er réttilega talið að á nýrri upplýsingaöld byggist sóknin fram á við á samkeppni og fjölbreytileik, en ekki á einkaleyfum og miðstýringu.

Nokkur reynsla er komin á svokölluð „kapalkerfi“ hér á landi. Sú reynsla hefur þegar kennt okkur nokkuð af því, sem ber að varast, og hvaða lágmarksafskipti opinberir aðilar eigi að hafa af slíkri starfsemi. Sýnist augljóst að leyfi þarf til að leggja slíkan streng í jörðu í landi sveitarfélags auk reglna um dýpt, merkingu og annan frágang. Sjálfsagt virðist að fyrirbyggja almennar útsendingar á klámi og öðru sem særir almennt siðgæði, persónumeiðandi útsendingum, auk þess sem höfundaréttur verði tryggður.

Landssíminn er kallaður hér til vegna þeirrar tæknikunnáttu, sem þar er til staðar, strax við fyrstu könnun þessa máls. Auk þess er edlilegt að ætla að slíkur aðili vilji tryggja sér rás(ir) í slíku kerfi vegna framtíðarviðskipta (gíró, skeyti). Auk einkaaðila koma að sjálf-sögðu fleiri opinberir aðilar til greina, t. d. þeir sem fara með kennslumál. Enn fremur má benda á banka og ríkissjónvarpið sem verður að standa í samkeppni við einkaaðila í fjölmiðlun framtíðarinnar.